

REGLUR UM
UMHVERFISVERÐLAUN STYKKISHÓLMSBÆJAR

1. gr.

Umhverfisverðlaun Stykkishólmsbæjar eru veitt annars vegar einstaklingum og hins vegar fyrirtækjum sem viðurkenning fyrir fallega garða og vel hirtar lóðir og umhverfi.

Með viðurkenningunni vill Stykkishólmsbær hvetja bæjarbúa til að hugsa vel um nærumhverfi sitt og verðlauna þá sem skara fram úr í snyrtimennsku og umhirðu garða sinna.

2. gr.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd fer með framkvæmd verðlaunanna.

Auglýst er eftir tilnefningum á vefsíðu bæjarins og er unnið úr þeim nafnlaust.

Verðlaunin eru afhent annað hvert ár.

3. gr.

Auglýst skal eftir tilnefningum í byrjun júní.

Nefndin vinnur úr þeim og skoðar garða á fundi sínum í júlí og eru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn í ágúst.

4. gr.

Verðlaunaafhendingin er öllum opin og skal tímasetning hennar auglýst skilmerkilega á vefsíðu bæjarins.

Bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og nefndarmönnum er boðið formlega á afhendinguna ásamt verðlaunahöfum.

Formaður nefndarinnar stýrir athöfninni og veitir viðurkenningar.

5. gr.

Þrjár viðurkenningar eru veittar í hvert sinn. Tvær eru bundnar við heimilisgarða og ein við fyrirtæki.

Heimilt er að veita eina viðurkenningu til viðbótar, sbr. 1. mgr., sem taki mið að þeim tilnefningum sem berast hverju sinni.

6. gr.

Allir garðar og öll fyrirtæki í Stykkishólmi koma til greina sem verðlaunahafar umhverfisverðlauna.

Að jafnaði skulu þó líða 4 ár (tvær verðlaunaafhendingar) á milli þess sem sami garður eða fyrirtæki getur fengið viðurkenningu að nýju.

Samþykkt á 390. fundi bæjarstjórnar,
þann 27. ágúst 2020.